

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 165/2001**

**frá 11. desember 2001**

**um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn**  
**um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 100/2001 frá 13. júlí 2001<sup>(1)</sup>.
- 2) Tilmæli ráðsins 98/561/EB frá 24. september 1998 að því er varðar samvinnu í Evrópu um að tryggja gæði æðri menntunar<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilmæli Evrópuþingsins og ráðsins 2001/166/EB frá 12. febrúar 2001 að því er varðar samvinnu í Evrópu um að meta gæði menntunar í skólum<sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður komi aftan við 6. lið 4. gr. í bókun 31 við samninginn:

„7. Samningsaðilar skulu leitast við að styrkja samvinnu innan ramma starfsemi bandalagsins sem leitt gæti af eftirfarandi gerðum bandalagsins:

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 251, 20.9.2001, bls. 27 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 47, 20.9.2001, bls. 14.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 270, 7.10.1998, bls. 56.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 60, 1.3.2001, bls. 51.

- **398 X 0561**: Tilmæli ráðsins 98/561/EB frá 24. september 1998 að því er varðar samvinnu í Evrópu um að tryggja gæði æðri menntunar (Stjtið. EB L 270, 7.10.1998, bls. 56),
- **32001 X 0166**: Tilmæli Evrópuþingsins og ráðsins 2001/166/EB frá 12. febrúar 2001 að því er varðar samvinnu í Evrópu um að meta gæði menntunar í skólum (Stjtið. EB L 60, 1.3.2001, bls. 51).“

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 12. desember 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(\*).

*3. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 11. desember 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*B. Grydeland*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes      M. Brinkmann*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

